Ólyginn sagði . . .




Roseanne

er litrík manneskja og uppáhaldsfréttaefni slúðurdálkahöfunda nú. Það nýjasta í fréttum af henni er að hún rak alla fatahönnuði sem vinna að sjónvarpsþætti hennar vegna þess að þeir gátu ekki komið með nógu glæsilegan kjól handa henni til að vera í við Emmy verðlaunaafhendinguna. Þá veldur hún sjaldan ljósmyndurum vonbrigðum en þeir elta hana á röndum. Einn daginn, þegar hún var að koma út af pizzastað ásamt vini sínu, öskraði hún á þá hvort þeir vildu ekki sjá tattóveringu á ónefndum bakhluta hennar. Með það sama fór hún að klæða sig úr buxunum og fylgir sögunni að ljósmyndararnir hafi þurft að nota gleiðlinsur við myndatökuna.



Grace Jones

á yfir höfði sér fangelsisdóm í heimalandi sínu, Jamaica. Í vor var hún tekin með kókaín á heimili reggaesöngvarans Chris Stanley. Jones var sleppt eftir að hafa setið tvo daga í fangelsi og borgað 2700 dollara í tryggingu. Hún lét sig hverfa frá Jamaica og hefur ekki sést þar síðan. Í síðustu viku átti að taka mál hennar fyrir en þegar hún mætti ekki gaf dómarinn út handtökuskipun á hana, því þetta var í sjöunda skiptið sem reyna átti að rétta í máli hennar og hún mætti ekki.



Bill Cosby


gerir vel við sitt fólk eins og þessi saga sannar. Phylicia Rashad, sem leikur eiginkonu hans í Fyrirmyndarfeðurnum, hafði orð á því við Cosby, meðan á töku þátt-anna stóð, að hún hefði áhuga á að koma fram sem dansari og söngvari. Cosby sagði það lítið mál að koma henni á framfæri. Hann sagði henni að fara að undirbúa dagskrá strax og velja lög. Daginn eftir kom hann með þær fréttir að hún væri bókuð með honumn á fínasta hótelinu í Atlantic City.

Bankamenn á Akureyri í golfi:


Landsbankamenn í vígahug



Ásgrímur Hilmisson, útibússtjóri Útvegsbankans, Gígja Hansen, starfsmaður Alþýðubankans, og Kristín Jónsdóttir, útibússtjóri Alþýðubanka, tilbúin í slaginn.



Haraldur Sigurðsson úr Útvegsbanka með „JR-hattinn" mundar kylfuna og ber sig nokkuð fagmannlega að.



Það þurfti góðar yfirhafnir í rigningunni. Hér er Aðalheiður Alfreðsdóttir, Útvegsbanka, að slá æfingahögg. DV-myndir gk

Gylfi Kristjánsson, DV, Akureyri:

Bankamenn á Akureyri lögðu frá sér seðlana á dögunum og fjölmenntu á hið árlega golfmót sitt á Jaðarsvelli. Þar komu saman 43 starfsmenn bankanna og reyndu með sér. Þeir sem eitthvað höfðu gert af því áður að spila golf spiluðu 9 holur en hinir óreyndu „púttuðu" í sérstakri keppni sem var komið á fót fyrir þá.

Landsbankamenn sópuðu að sér verðlaunum á þessu móti. Lárus Sverrisson sigraði í keppni þeirra sem spiluðu 9 holur, vann bæði með og án forgjafar, Aðalheiður Alfreðsdóttir, Útvegsbanka, sigraði í keppni kvenna án forgjafar og Kristín Jónsdóttir, Alþýðubanka, í keppni með forgjöf.

Í sveitakeppni sigraði Landsbankinn í karlaflokki og Alþýðubankinn í kvennaflokki. Í púttkeppni nýliðanna sigraði Eiríkur Jóhannsson, Landsbanka, í karlaflokki og í kvennaflokki urðu jafnar þær Þórunn Gunnarsdóttir, Útvegsbanka, og Helga Bjarkadóttir, Iðnaðarbanka.

Sem fyrr sagði voru keppendur á mótinu rúmlega 40 talsins og var léttleikinn hafður í fyrirrúmi og óhagstætt veður ekki látið hafa nein áhrif þar á.




Árni Ketill Friðriksson stjórnaði þeim óvönu í púttkeppninni og las þeim reglurnar áður en hafist var handa.

Myndverk á Kjarvalsstöðum

Á laugardaginn voru opnaðar þrjár myndlistarsýningar á Kjarvalsstöðum. Það voru sýningar norska myndlistarmannsins Arvids Pettersen og íslensku listamannanna Sveins Björnssonar og Kristínar Ingólfsdóttur.

Eins og venjulega við opnun sýninga var fjöldi fólks saman kominn til að sjá myndir og myndverk og einnig til að hitta og sjá annað fólk. Var ekki annað að heyra en áhorfendur væru sáttir við þessar þrjár ólíku sýningar þriggja ólíkra listamanna.



Norski myndlistarmaðurinn Arvid Pettersen ræðir við landa sinn, Knut Ödegaard, fyrrverandi forstöðumann Norræna hússins.



Þessi litli snáði virðir fyrir sér eitt af mörgum verkum Sveins Björnssonar á sýningu hans á Kjarvalsstöðum.

Tommy vakinn til lífsins

Nýlega lauk mikilli tónleikaferð The Who um Bandaríkinn. Hljómsveitin, sem kom saman síðastliðið vor, flutti nær eingöngu á þessari tónleikaferð sinni stórvirkið Tommy sem er og verður alltaf rós í hnappagat þessarar vinsælu hljómsveitar. Lokatónleikarnir fóru fram í Los Angeles og voru þeir kvikmyndaðir.

Á þessum lokatónleikum fengu The Who til liðs við sig þekkta söngvara sem sungu hin ýmsu hlutverk í rokkóperunni. Roger Daltrey söng sem fyrr hlutverk Tommy, Elton John var Pinball Wizard, en hann var einnig í því hlutverki í kvikmyndinn sem gerð var á sínum tíma eftir verkinu. Þá söng Phil Collins Uncle Ernie, Billy Idol Cousin Kevin, Steve Winwood The Hawker og Patti LaBelle var The Acid Queen. Sannarleg eftirtektarvert lið söngvara.

Rokkóperan Tommy kom fyrst út á plötu 1969 og vakti þá geysimikla athygli. Höfundur laga og texta er Pete Townsend, gítarleikari the Who. Verkið fjallar um Tommy Walker sem er mállaus, heyrnarlaus og blindur. Hann verður meistari í kúluspili (Pinball) áður en hann telur sig vera endurfæddan Messías. Townsend vildi með þessu verki sínu lýsa yfir andúð á þeirri yfirborðsmennsku sem hann taldi vera í trúmálum.



Fremst á myndinni sjáum við Pete Townsend, höfund rokkóperunnar Tommy, og Billy Idol. Bak við þá grillir í Elton John og Patti LaBelle.